

SJÓNAUKINN

27. JÚLÍ 2022 - 2. ÁGÚST 2022

• 29. tölublað • 37. árgangur •

Kæru íbúar Húnaþings vestra

Við óskum eftir sjálfboðaliðum til þátttöku

Næsta laugardag, þann 30. júlí fer fram sjálfboðaliðaviðburðurinn Selatalningin mikla. Við óskum eftir ykkar stuðningi, nú eins og hingað til og að þið takið vel á móti okkar sjálfboðaliðum og aðstoðið þá ef þurfa þykir á vettvangi.

Sjálfboðaliðunum er uppálagt að ganga vel um, ganga ekki um ræktuð svæði, virða girðingar/hlið, ónáða ekki dýrin og leggja bílum á öruggum stöðum.

Það eru allir velkomnir í þetta sjálfboðaliða-verkefni og skráning fer fram á heimasíðu okkar, selasetur.is eða í síma 451 2345.



Selasetur Íslands



Félag eldri borgara í Húnaþingi vestra

Ferðanefnd

Sumarferð um Norðurland 22. til 24. ágúst 2022

Stutt lýsing á ferðinni:

22. ágúst. Lagt af stað frá Hvammstanga kl. 9:00 og ekið fyrir Tröllaskaga. Hádegisverður á Siglufirði og skoðunarferð um staðinn.

Ekið um Héðinsfjörð til Ólafsfjarðar og skoðunarferð um staðinn. Ekið um Upsaströnd til Dalvíkur og bærinn skoðaður. Kvöldverður á Baccalá á Hauganesi. Ekið í gegnum Akureyri til Þórisstaða og gíst á Hótel Natur.

23. ágúst. Ferð um Suður- Þingeyjasýslu undir leiðsögn Bjarna Þórs Einarssonar. Leið og staðarval til heimsóknna háð veðri. Hádegisverður í Mývatnssveit. Ekið um Þeistareyki til Húsavíkur. Skoðunarferð um Húsavík.

Kvöldverður og gisting á Hótel Natur, Þórisstöðum.

24. ágúst. Ferð um sveitir Eyjafjarðar undir leiðsögn Jóns Inga Einarssonar. Hádegisverður á Kaffi Kú og komið við á Smámunasafni og víðar. Skoðunarferð um Akureyri. Ekið heim um Öxnadalsheiði og kvöldverður á North West í Víðigerði. Tilhögun ferðarinnar getur tekið breytingu eftir aðstæðum.

Þátttökugjald er kr. 60.000,- fyrir félagsmenn og kr. 65.000,- fyrir fólk utan félagsins, sem er velkomið með í ferðina meðan plássið leyfir.

Tilkynna skal þátttöku til ferðanefndar **fyrir 8. ágúst**.
Ekki verður farið með færri en 30 þátttakendur.

Við skráningu taka:

Bjarni Þór Einarsson

Sími: 892 8296, tölvupóstur: bthe@itn.is

Ólafur B. Óskarsson

Sími: 866 6487

Ingibjörg Þórarinsdóttir

Sími: 892 2974

Ragnheiður Jóhannsdóttir

Sími: 869 9913, tölvupóstur: raggasj@gmail.com

Þátttökugjald má leggja inn á reikning í

Landsbankanum.

Kt. 310348-2449, rnr. 0161-26-100052

**Sláturhús Kvh óskar eftir starfskrafti í
eldhús í sláturtíð**

**Um er að ræða vaktavinnu frá 28. ágúst og út
október.**

**Allar nánari upplýsingar veitir Jónína í síma
895-2564**

Kaffihlaðborð í Hamarsbúð um Verzlunarmannahelgina

**Kaffihlaðborð með rjómapönnukökum,
smurbrauði og öðru fjölbreyttu meðlæti
að hætti Húsfreyjanna verður í
HAMARSBÚÐ laugard. 30. júlí og
sunnud. 31. júlí n.k.**

**Opið verður á milli kl. 14 og 18
báða dagana.**

**Verð kr. 2500 fyrir 13 ára og eldri, en kr.
1000 fyrir 6-12 ára.**

Aðalheiður Jónsdóttir sýnir listaverk.

ATH. ENGINN POSI VERÐUR Á STAÐNUM.

**Verið velkomin í Hamarsbúð!
Húsfreyjur**